

**Mál nr. 126/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v/bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp á Hverfisgötu í Reykjavík 9. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 27. apríl 2015.
3. Bréf V2 dags. 14. apríl 2015 ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis og áliti tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nefndarinnar nr. 107/2015.

**Málsatvik.**

Í málgögnum kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A hafi ekið aftur á bak úr bifreiðastæði við hús á Hverfisgötu í Reykjavík áleiðis út á götuna þegar bifreið A lenti á armi steypudælu sem var föst við bifreið B á sama stað. Tjón varð á bifreið A.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem armar sem stóðu út úr bifreið B hafi verið ómerktir, myrkur hafi verið og rigning og því erfitt að sjá þá. M vísar til reglna um merkingar á vinnuvélum og telur að bifreið B hafi ekki verið nægilega vel merkt og beri eigandi hennar því ábyrgð skv. umferðarlögum á tjóni á bifreið A.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins. V2 vísar hins vegar til þess að viðvörunarljós hafi verið kveikt á bifreið B og stoðfótur sem M hafi ekið utan í hafi verið áberandi, hár og breiður á upplýstri Hverfisgötunni. V2 telur að áreksturinn sé eingöngu hægt að rekja til þess að M hafi ekki gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig eins og henni bar skv. fyrirmælum 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig telur V2 að í þeim reglum sem M vísar til í málskoti komi það beri að merkja vinnuvél ef sérstök ástæða sé til og viðvörunarljós á bifreiðinni sjálfri hafi fullnægt þeirri skyldu.

**Álit.**

Í skýrslu M sjálfar á vettvangi kemur fram að hún hafi sé viðvörunarljós á bifreið B áður en hún ók aftur á bak úr bifreiðastæði út á Hverfisgötu. Það lagði sérstaka skyldu á M að gæta varúðar auk þeirrar almennu skyldu sem kemur fram í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Verður að telja að viðvörunarljós á bifreið B hafi verið nægileg tilgreining á því að verið var að nota bifreiðina sem vinnuvél og þær merkingar sem M vísar til í málskoti hafi því ekki sérstaka þýðingu við sakarmat. Verður öll sök á árekstrinum því lögð á M sem ökumann bifreiðar A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.